



Skýrsla vallaarstjóra 2022

Golfvöllurinn opnaði þetta árið, eftir milt og gott vor, þann 6 maí fyrir félagsmenn og að fullu eftir vinnudaginn þann 14 maí. Í sumar fjölguðum við um eitt stöðugildi og störfuðu á vellinum auk mín, Friðrik Guðmundsson, Hrannar Freyr Harðarson, Gunnar Marel Einarsson, Jóhann Fannar Óskarsson og Leifur Þór Leifsson. Gunnar, Jóhann og Leifur komu allir nýir inn, en Gunnar kom inn með mikla reynslu af því að vinna á golfvöllum og var reynsla hans dýrmæt. Friðrik og Hrannar hafa unnið hjá okkur í þónokkur sumur, Friðrik var einnig í vinnu yfir veturinn hjá okkur en þurfti frá að hverfa í vor eftir erfið meiðsli. Þetta teymi stóð sig eins og hetjur í allt sumar, og eiga þeir allir mikið hrós skilið.

Ástand og viðhald valla

Veturinn olli ekki miklum skaða á golfvellinum, en yfirleitt þegar það gerði mikið frost þá lagði talsverðan snjó yfir. Þó var talsverð klakamyndun í febrúar og marsmánuði og við mokuðum snjó af flötunum þá til að flýta fyrir bráðnun klakans í hlákum.

Veðurfarið í sumar var mjög kaflaskipt, í maí og júní var bæði frekar hlýtt og þurrt, en hitastigið var lægra í júlí og ágúst en við höfum vanist. Hinsvegar hefur haustið verið með því besta sem ég hef séð herna og völlum lokaði ekki að fullu fyrr en 27 október.

Mikil rigning og bleyta setti mark sitt á júlí og ágúst, en þó var þetta mikið um miklar rigningar á stuttum tíma. Til dæmis, frá 6 til 9 ágúst rigndi rúmlega 60 mm.

	Maí	Júní	Júlí	Ágúst
2018	180 mm	121,2 mm	72,6 mm	77,2 mm
2019	47,2 mm	17,8 mm	74,2 mm	51,5 mm
2020	72,9 mm	110,7 mm	49,5 mm	125,2 mm
2021	100,8 mm	119,9	74,4 mm	114,6 mm
2022	82 mm	65,3 mm	120,1 mm	131,3 mm

Ástand valla var mjög gott heilt yfir í sumar, strax í vor má þakka góðu veðurfari sem gerði okkur auðvelt fyrir. Teigar og flatir komu mjög vel gróin undan vetri, og enga kalbletti var að finna á vellinum.

Áburðargjöf var, sem áður, með reglulegu og skilvirku móti þökk sé spreymbílnum okkar, að jöfnu fóru um 5-6 kg N/ha á um 10-15 daga millibili á flatirnar. En einnig byrjuðum við í tilraunaskyni að nota svokölluð vaxtarstýrandi (growth regulator) efni á flatirnar, og gekk það vel. Ætlunin með því er að hæga á lóðréttum vexti grasplöntunnar, þannig að sú orka nýtist í að styrkja rætur plönturnar, gefur græðlingum svigrúm til að vaxa og gerir óæskilegum grösum erfiðara fyrir.. Einnig hefur þetta sú áhrif að þegar kemur að næsta slætti þá er grasið ekki orðið kafloðið og er enn vel leikhæft, sem skilar sér í jafnari leikyfirborði.

Nýja sjötta flötin hafði hug minn í allt sumar, en við sáðum og lögðum akrýldúk yfir hana 27 maí. Dúkurinn lá yfir þar til þann 9 júní og var fyrsti sláttur þá í 12 mm. Síðan tók við reglulegur sláttur sem lækkaði um 1 mm á viku þar til flatarhæð var náð, og mjög regluleg áburðargjöf ásamt sáningu í þá fáu bletti sem skiluðu sér ekki í upphaflegu sáningu. Niðurstaðan var sú að leikið var inn á flötina í Opna Promennt mótinu þann 27 ágúst og var opið inn á flötina þar til tímabilinu lauk.

Til gamans er hér að neðan hægt að sjá slátturhæðir og tíðni í sumar.

Svæði	Tíðni sláttar	Slátturhæðir
Flatir	4-6x í viku	3,75 – 5 mm
Teigar	3-4x í viku	8 – 11 mm
Brautir	2-3x í viku	10 – 13 mm

Vinnudagur

Vinnudagurinn okkar fór fram þann 14 maí og helstu verkefni á honum sem ber að nefna voru uppsetning á nýjum tækjum í eldhúsinu, tyrfingar í kringum framkvæmdir á 6 braut, smíðavinna í kringum nýju lyftuna á stéttinni, málningarvinna í kringum skála og vélageymslu ásamt hefbundnum vinnudagsverkefnum, m.a að keyra út merkingum, hreinsun á illgresi og almenn tiltekt.

Enn og aftur þá er þessi okkur virkilega mikilvægur því ótrúlega margir hlutir komast í verk. Vonum að mæting verði áfram góð á þessa daga því sjálfbóðaliðinn er okkur mikilvægur.



Félagsmenn að tyrfa á vinnudegi

Framkvæmdir

Helstu framkvæmdir frá því í fyrra sem ber að nefna er auðvitað nýja 6 flötin og allt umhverfi hennar sem var endurmótað. Nýja flötin er talsvert stærri en sú gamla eða tæpir 900 m². Hún byggist á þrem stórum sléttum

pöllum til að hámarka holustaðsetningar á þessu hæðarmikla flatarstæði. Flötin byggist á drenpúða undir rótarlaginu sem drenar vatn úr flötinni, það eru sex vökvunarhausar í kringum flötina sem tryggja jafna og skilvirka dreifingu á vökvun á flötinni. Slíkar sáningar er ekki hægt að framkvæma án þess að vera með gott vökvunarkerfi, en við þurftum að framlengja stofnlögninni um 250 metra til þess að koma vatni að flötinni.

Einnig var fremri teigurinn á 17 braut endurbyggður og sléttaður, ásamt því að setja vökvun í hann. Hann var svo tyrfður á vinnudeginum en ræktunin á því torfi gekk ekki alveg eins og best væri. Þó held ég að þetta sé mun betri staður til að slá golfhögg en gamli teigurinn var.

Nú í haust hefur mesti framkvæmdaþungi okkar legið að vökvunarkerfinu, þ.e að framlengja stofnlögnina um 800 metra vegalengd. Nú verður þá stofnlögnin komin að öllum flötum vallarins að fyrstu flöt undanskilinni, og þá ætti eftirleikurinn að vera auðveldur, að koma vökvun í allar flatir, en nú er sjálfvirkt vökvunarkerfi í 12 af 18 flötum vallarins.



6 flöt eftir að það var búið að sá í hana, dúka yfir og tyrfa í kring.

Samhliða þessu höfum við byggt nýja teiga við 3 braut, nýr gulur teigur kemur hliðina á núverandi og svo höfum við byggt nýjan fremsta teig við brautarendann, báðir teigar byggðir eftir viðurkenndum aðferðum og tengdir vökvunarkerfinu. Gamli guli teigurinn er frekar ósléttur og nýtist illa, fáir sléttir fletir til að hafa teigmerki á en hann mun vera áfram í notkun þangað til sá nýi verður klár. Fremri teigurinn er hugsaður sem hluti af því að bæta við þriðja teigasettinu, þ.e bláir teigar til að auka fjölbreytni á vellinum og gera hann sem sanngjarnastan fyrir sem flesta kylfinga.

Vélamál

Vélamál klúbbsins standa, sem áður, mjög vel. Tækin sem við eigum eru í góðu ástandi og er vel viðhaldið, fer mikill vinnuþungi vetrarins í að tryggja það að vélnar gangi sem best allt sumarið og lentum við ekki í neinum stórum bilunum þetta sumarið.

Tækjaflotanum fer alltaf einnig alltaf stækkandi og það var engin breyting á því núna. Við keyptum nýjan gatara síðasta haust sem er stærri en sá gamli sem við seldum, hann samsvarar traktornum okkar vel og var vel nýttur í sumar m.a til að gata þær brautir sem hafa verið vandamál með bleytu. Einnig fengum við afhenda í vor nýja sáningarvél, af gerðinni Vredo, sem við notum til að yfirsá í flatir og nú í haust sáðum við í alla álagsbletti og helstu gönguleiðir til að reyna sporna við skemmdum.

Einnig er von á nýrri flatarslátturvél fyrir næsta vor, en talsverð töf hefur verið á afhendingum á vélum vegna alheimsástands. Sú vél kemur í staðinn fyrir gömlu flatarvélina sem við höfðum hugsað okkur að færist yfir í teigaslátt.

Tveir nýir rafmagns golfbílar voru keyptir í leiguna, sömu tegundar og þeir sem voru fyrir, EZ-GO RVX, og eru á sex rafmagns golfbílar í leigunni og samtals átta bílar til leigu.

Þessar vélar styrkja okkur enn frekar, og er vélafloti okkar einn sá sterkasti sem fyrirfinnst á þessu landi.

Lokaorð

Að lokum vil ég þakka fyrir þetta langa og góða golfsumar. Við höldum stór og flott mót í sumar og völlurinn var vel nýttur þess á milli, og völlurinn var vonandi að skapi sem flestra. Ég vil þakka stjórn, nefndum og öðru starfsfólki klúbbsins fyrir sumarið og gott samstarf.

